



BORGARRÁÐ 31. október 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skóla - og frístundasvið ráðist í aðgerðir til að koma til móts við fjölskyldufólk - R19110002

Bréf: Tölvupóstur

Málsnúmer: SFS2019110047

Bréfalyklar: 7.0 Grunnskólar - almennt

Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 11/07/2019

Dagsetning skjals: 11/06/2019

Upplýsingar um viðskiptavin :

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Skjalalykill	7.0 Grunnskólar - almennt	Málsnúmer	SFS2019110047
Móttökudags.	11/06/2019	Skráð í GoPro	07.11.2019

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Tölvupóstur	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
		Er flokkað eftir aldri	<input type="radio"/> Já <input checked="" type="radio"/> Nei
		skjalalykli í skjalasafni.	

Sent:

Sent til:

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 6.11.2019 17:08:18

Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 31. október 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skóla- og frístundasvið ráðist í aðgerðir til að koma til móts við fjölskyldufólk - R19110002

Tilvísun í mál: R19110002

Sæl

Meðfylgjandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skóla- og frístundasvið ráðist í aðgerðir til að koma til móts við fjölskyldufólk er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs. Borgarráði skulu berast upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis skal upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

BORGARRÁÐ 31. október 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skóla- og frístundasvið ráðist í aðgerðir til að koma til móts við fjölskyldufólk - R19110002

BORGARRÁÐ 31. október 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skóla- og frístundasvið ráðist í aðgerðir til að koma til móts við fjölskyldufólk - R19110002

Lagt er til að skóla- og frístundasvið ráðist í eftirfarandi aðgerðir til að koma til móts við fjölskyldufólk í Reykjavík: 1. Skipulags- og starfsdagar kennara í leik- og grunnskólum verði betur samræmdir innan borgarhverfa þvert á skólastig. 2. Skólasetning grunnskóla hefjist á mánudegi og fyrsti skóladagur hefjist samdægurs í beinu framhaldi. 3. Skólaslit grunnskóla verði á föstudegi og eigi sér stað að loknum síðasta skóladegi. 4. Börnum í 1. – 4. bekk grunnskóla bjóðist frístund samkvæmt gjaldskrá þá daga sem foreldraviðtöl eiga sér stað.

Greinargerð:

Grunnskólabörn í Reykjavík eiga samanlagt 73 frídaga árlega sem krefjast fjarveru foreldra frá vinnu. Dagarnir 73 samanstanda af sumarfrí (50), jólafrí (4), páskafrí (3), vetrarfrí (5), starfsdögum (5), foreldraviðtölum (3), skólaskemmtunum (1) og skólasetningu og –slitum (2), en þó að undanskildum þeim frídögum sem teljast til lögbundinna frídaga (rauðir dagar). Foreldrar á almennum vinnumarkaði eiga almennt 24 frídaga árlega og eiga því flestir stirt um vik að skipuleggja hversdaginn. Foreldrar barna í bæði leik- og grunnskólum þurfa einnig að takast á við ósamræmi milli skólastiga og þurfa til að mynda að gera ráðstafanir vegna sex skipulagsdaga til viðbótar á leikskólastiginu sem fæstir eru samræmdir við starfsdaga grunnskólanna. Í slíkum tilfellum geta árlegu frídagarnir á báðum skólastigum orðið samanlagt 79 talsins. Ástandið skapar ekki eingöngu vanda fyrir fjölskyldur, heldur einnig atvinnurekendur sem þurfa að gera ráðstafanir vegna fjarveru starfsmanna yfir þetta tímabil. Sannarlega kann að reynast áskorun fyrir leik- og grunnskóla innan sömu borgarhverfa að samræma skipulags- og starfsdaga sína. Ávinningurinn væri þó gífurlegur fyrir fjölskyldufólk í borginni sem stendur frammi fyrir þeirri áskorun að bregðast við frídögum barna a.m.k. 73-79 daga ársins.

Lagt er til að Reykjavíkurborg mæti fjölskyldufólki og atvinnulífi með aukinni samræmingu og meiri sveigjanleika í almanaksári leik- og grunnskóla í Reykjavík. Tillögurnar munu koma til móts við fjölskyldur og atvinnulíf með því að draga úr frídögum um allt að 10 árlega, eftir því hvort fjölskyldur eigi börn á einu eða tveimur skólastigum.

Eins er um mikilvægt jafnréttismál að ræða en reynslan hefur sýnt að konur eru líklegri til að hverfa frá vinnu svo mæta megi frídögum barna. Eins sýna rannsóknir að barneignir hafi jákvæð áhrif á launaþróun karla, en neikvæð áhrif á launaþróun kvenna. Atvinnurekendur feli konum gjarnan minni ábyrgð í kjölfar barneigna en karlar hljóti aukinn framgang. Aðgerðin er liður í því að mæta þessum aðstöðumun.